

Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. október 2015
UST201507-047/M.I.K.
09.00

Efni: Ársfundur náttúruverndarnefnda og Umhverfisstofnunar 2015

Ágæti viðtakandi

Fimmtudaginn 12. nóvember 2015 verður haldinn 18. ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga. Gestgjafi að þessu sinni er Reykjavíkurborg. Fundurinn verður með svipuðu sniði og undanfarin ár, en yfirskriftin að þessu sinni er *Móttaka ferðamanna og náttúruvernd*.

Að fundi loknum verður farið í skoðunarferð í fylgd heimamanna.

Dagskrá fundarins og skráningarblöð verða send út þegar nær dregur.

Vinsamlegast takið daginn frá.

Skýrsla náttúruverndarnefnda:

Umhverfisstofnun minnir einnig á skýrslu náttúruverndarnefnda, en samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu nefndirnar veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs. Skýrslunum er skilað rafrænt á slóðinni

<http://ust.is/atvinnulif/sveitarfelog/natturuverndarnefndir/skyrsla-natturuverndarnefnda/>

þar sem einnig er að finna leiðbeiningar um gerð skýrslunnar.

Virðingarfyllst


Hildur Vésteinsdóttir
Teymisstjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur